

maður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

30. gr.

Broð gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

31. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Þingeyrarkauptún nr. 33 14. mars 1958 með síðari breytingum skv. reglugerðum 9. febr. 1963, 3. des. 1971 og 5. okt. 1972.

Samgönguráðuneytið, 7. maí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

G J A L D S K R Á

fyrir hafnarsjóð Þingeyrarkauptúns.

I. KAFLI

Um gjöld til hafnarinnar.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

2. gr.

- Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir, skulu greiða lestagjald, kr. 9.60 á brúttórúmllest.
- Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 4.80 á brúttórúmllest.
- Innlend fiskiskip, undir 400 brúttórúmllestum, greiði kr. 9.60 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 640.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 3 200.00.

Gjaldldagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.**3. gr.**

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 4.80 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftár en 10 sinnum í mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn kr. 518.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Undanþegin bryggjugjaldi eru sömu skip og getur í síðustu mgr. 2. gr.

Vörugjöld.**4. gr.**

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

5. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

6. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
- d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

7. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliða, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

8. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar. segir

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 175.00 fyrir hver 1000 kg.:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 t.) svo sem bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement laust og sekkjað, vikur, sekkjaður áburðar, sekkjuð kornvara.

2. fl.: Gjald kr. 370.00 fyrir hver 1000 kg.:

Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar í 1. fl., óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 1 025.00 fyrir hver 1000 kg.:

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
- b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
- c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald kr. 100.00 fyrir hvern rúmmetra:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 0.85%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 80.00.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.**9. gr.**

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 3.00 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

10. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir gjöld þau, sem hér eru fram talin, skal greidd samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

II. KAFLI**Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.****11. gr.**

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

12. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

13. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

14. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látn í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. maí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

4. maí 1976.

Nr. 180.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368 5. ágúst 1975.

4. gr. hljóði þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald kr. 445.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald kr. 720.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra vatns í lágmarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 4. maí 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.